

Almannavarnanefnd Pingeyinga

1. fundur 2016

Árið 2016, miðvikudaginn 9. mars kl. 13:00 var haldinn fundur í Almannavarnanefnd Pingeyinga að Garðarsbraut 5 á Húsavík.

Mætt: Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri á Norðurlandi eystra, Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri Pingeyjarsveitar, Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurþings, Elías Pétursson sveitarstjóri Langanesbyggðar, Sigurður Þór Guðmundsson oddviti Svalbarðshrepps, Steinþór Heiðarsson oddviti Tjörneshrepps, Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri Pingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, Grímur Kárason slökkviliðsstjóri Norðurþings og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri Skútustaðahrepps, sem var í símasambandi. Einnig sátu fundinn Kristján Kristjánsson yfirlögregluþjónn og Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Pingeyinga, sem einnig ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

1) Fundarsetning og kynning á nýjum samstarfssamningi um almannavarnir

Reinhard Reynisson bauð fundarmenn velkomna til fundar og fór yfir megin atriði nýs samstarfssamnings sveitarfélaganna, sem aðild eiga að Héraðsnefnd Pingeyinga, um málefni almannavarna. Samningurinn var staðfestur af innanríkisráðuneytinu með bréfi 25. febr. sl.

Megin breytingin frá eldri samningi er sú að nú er almannavarnarnefndin skipuð framkvæmdastjórum allra aðildarsveitarfélaganna og hefur fyrst og fremst stjórnarsýsluhlutverki að gegna, s.s. varðandi fjárhagsáætlanagerð og eftirfylgni með rekstri. Faglegt starf innan samþykkt fjárhagsramma er á hendi sérstaks framkvæmdaráðs sem skipað er slökkviliðsstjórum sveitarfélaganna.

Rætt um verklag og fundatíðni nefndarinnar og samstaða um að almennt ætti að nægja að koma saman tvisvar á ári, fyrri hluta árs þegar ársreikningar liggja fyrir og svo síðari hluta árs til að afgreiða fjárhagsáætlun en henni þarf nefndin að skila eigi síðar en 30 sept. skv. ákvæðum í stofnsamningi fyrir Héraðsnefnd Pingeyinga bs. sem sveitarfélögin hafa samþykkt.

2) Verkaskipting nefndarmanna

Nefndarmenn skiptu með sér verkum þannig að Halla Bergþóra Björnsdóttir var kjörin formaður, Grímur Kárason varaformaður og Kristján Þór Magnússon ritari.

3) Staða áhættumats og viðbragðsáætlana

Grímur Kárason fór yfir stöðu áhættumats á svæðinu og vinnu við gerð viðbragðsáætlana og sýndi glærur sem lýsa stöðunni. Taka þarf til endurmats nokkra þætti sem áður voru flokkaðir áhættulitlir s.s. jarðhita, jarðgangaslys og mengun á sjó í tengslum við þær framkvæmdir sem eru í gangi á starfssvæðinu.

Að lokinni yfirferð Gríms var rætt vítt og breitt um stöðuna og þær greiningar, áætlanir og æfingar sem vinna þarf á næstunni. Æfing á nýrri hópshöfn á dagskrá í haust. Skoða þarf hvaða vinnu þarf að setja af stað í tengslum við öryggismál á fjölförnum ferðamannastöðum á svæðinu. Varðandi framhald áætlanagerðar er mikilvægt að byrja að kortleggja og skoða þá staði á starfssvæðinu þar sem hætta er á tjóni vegna gróður- og kjarrellda.

Almannavarnanefnd Þingeyinga

Almennar umræður um hlutverk og verkaskiptingu nefndarinnar, framkvæmdaráðs, aðgerðastjórnar og vettvangsstjórnar og önnur atriði sem tengjast virku almannavarnaástandi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:20